

Borgarráð

Fyrirkomulag afsláttar til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega árið 2019

Lagt er til að viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþegar árið 2020 verði eftirfarandi:

Viðmiðunartekjur

- I. Réttur til 100% lækkunar**
Einstaklingur með tekjur allt að 4.240.000 kr.
Samskattaðir einstaklingar með tekjur allt að 5.920.000 kr.
- II. Réttur til 80% lækkunar**
Einstaklingur með tekjur á bilinu 4.240.000 til 4.860.000 kr.
Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 5.920.000 til 6.570.000 kr.
- III. Réttur til 50% lækkunar**
Einstaklingur með tekjur á bilinu 4.860.000 til 5.650.000 kr.
Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 6.570.000 til 7.850.000 kr.

Lagt er til að skilyrði lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds fari eftir reglum Reykjavíkurborgar um afslátt af fasteignagjöldum eins og þær eru á hverjum tíma.

Greinargerð:

Hækkun bóta almannatrygginga í upphafi árs 2019 var 3,6% og er lagt til að hækka viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega um sama hlutfall. Áætlaður kostnaður vegna þessarar tillögu á árinu 2020 nemur 470 milljónum króna og rúmast hann innan fjárheimilda samkvæmt frumvarpi að fjárhagsáætlun 2020.

Dagur B. Eggertsson